

Nd.

210. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Varmahlíðarfélaginu í Skagafirði jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð, sem er eign ríkissjóðs, ef samkomulag næst um verð og með því skilyrði, að þar verði reistur héraðsskóli Skagfirðinga.

2. gr.

Um greiðsluskilmála skal fara eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Eignir þær, sem í frv. er gert ráð fyrir, að seldar verði, voru í upphafi keyptar með það fyrir augum, að héraðsskóli Skagfirðinga yrði reistur á þessum stað. Í Skagafirði er mikill áhugi fyrir byggingu héraðsskóla á Reykjarhóli. Félag, sem nefnist Varmahlíðarfélagið, hefur verið stofnað til forgöngu um þetta mál. Síðastl. sumar lauk félagið við að gera mjög myndarlega sundlaug á þessum stað og hafði þar sundkennslu. Stjórn Varmahlíðarfélagsins hefur farið þess á leit að fá eignirnar, sem í frv. eru nefndar, til kaups. Verður að telja þá ósk félagsins eðlilega. Héraðsskólarnir eru sjálfseignarstofnanir, og þar sem fyrirhugað er að reisa slíkan skóla á þessum stað, virðist eðlilegt, að félagið fái eignirnar keyptar, enda er salan því skilyrði háð, að á Reykjarhóli verði héraðsskóli Skagfirðinga.